

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

907. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. júní 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir varamaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **1606033 Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** frá 27 maí sl. lögð fram til kynningar. Varðandi 7. lið fundargerðarinnar samþykkir Byggðarráð að fela sveitarstjóra að senda starfshópi áherslur Húnaþings vestra í málum sem snúa að aukningu ferðamanna.
2. **1505035 Lagt fram til kynningar bréf Orkustofnunar** dags. 30. maí sl. þar sem tilkynnt er um útgáfu leyfis til handa Icecal ehf. til töku kalkþörungasetts allt að 1200 rúmmetra á ári af hafsbotni í vestanverðum Miðfirði við Húnaflóa. Leyfið gildir í 30 ár. Með bréfi dags 25. maí 2015 óskaði Orkustofnun eftir umsögn Húnaþings vestra. Á 874. fundi byggðarráðs var samþykkt að senda inn umsögn með athugasemdum til Orkustofnunar þar sem óskað var eftir að málið færi í umhverfismat. Þann 19. janúar sl. var síðan send kæra til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála þar sem Húnaþing vestra kærir þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að ekki þurfi að fara fram umhverfismat á umræddri kalkþörungavinnslu. Fulltrúar Icecal ehf mættu á 904. fund og skýrðu hugmyndir sínar um uppbyggingu á starfsemi og vinnslu kalkþörungna. Byggðarráð leggur áherslu á að við kalkþörungavinnsluna verði tekið tillit til annarrar starfsemi á svæðinu svo og laxagengdar, og vonast til að fullvinnsla afurðarinnar verði unnin í Húnaþingi vestra.
3. **1605191 Borðeyri- skólahald.**
Lögð fram tillaga skólastjórnenda og sveitarstjóra um óbreytt fyrirkomulag skólahalds á Borðeyri næsta skólaár 2016-2017. Byggðarráð samþykkir að veita undanþágu frá viðmiði sveitarstjórnar um lágmarksfjölda nemenda og hafa óbreytt fyrirkomulag skólahalds á Borðeyri skólaárið 2016-2017, þrátt fyrir fækkun nemenda, þar sem fyrirliggur að skólaárið 2017-2018 muni nemendafjöldi uppfylla reglurnar. Sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir foreldrum nemenda á starfssvæði grunnskólans á Borðeyri og fræðsluráði.
Samþykkt að taka á dagskrá

4. 1605050 Erindi frá Litlu Hlíð, áður á dagskrá 905. og 906. fundar.

Byggðarráð samþykkir að fulltrúi sveitarstjórnar verði Gunnar Þorgeirsson.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:04

Elín Jóna Rósinberg

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir